

Miðvikudaginn 4. október 1961.

Nr. 127/1961. **Blikksmiðjan Glófaxi s/f**  
 gegn  
**Þorsteini Löve.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Frávísun.

### Dómur Hæstaréttar.

Sóknaraðili hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 19. júní 1961, er barst dóminum 7. júlí s. á. Hann krefst þess, að máli varnaraðilja gegn honum verði vísað frá héraðsdómi og svo að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað í héraði og kærumálskostnað.

Frá varnaraðilja hafa eigi borizt kröfur né greinargerð. Með skirskotun til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

### Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

### Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 16. júní 1961.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 14. þ. m., hefur Þorsteinn Löve byggingarmeistari, Sigtúni 35, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 7. febrúar 1961, gegn Björgvin Ingibergssyni, Snorrabraut 42, og Benedikt Ólafssyni, Hraun-  
 teig 14, báðum hér í bæ, f. h. Blikksmiðjunnar Glófaxes, Ármúla 24, Reykjavík, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 14.736.44, auk vaxta og kostnaðar.

Stefndu hafa krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi og stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar að mati dómarans.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið og stefndu dæmdir til greiðslu málskostnaðar í þessum þætti málsins.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfu þessa.

Stefnandi hefur skýrt svo frá málavöxtum, að veturinn 1959—

60 hafi Blikksmiðjan Glófaxi tekið að sér að smíða fyrir hann girðingamót úr blikki, ca 32—34 m löng. Afhending mótanna hafi farið fram í apríl—maí 1960, en þá hafi smíði þeirra reynzt það gölluð, að einungis lítill hluti þeirra hafi mátt teljast nothæfur. Kveðst stefnandi hafa kvartað yfir vansmíði þessari, og hafi blikksmiðjan lofað að ráða bót á göllumum. Viðgerðartilraunir smíðjunnar hafi hins vegar ekki borið árangur. Eftir þetta muni hafa farið fram einhverjar samkomulagsumleitanir milli aðiljanna, en þar sem eigi gekk saman með þeim, fór stefnandi þess á leit við borgardómarann hinn 17. ágúst 1960, að hann dómkveddi tvo hæfa óvilhalla menn til þess að skoða og meta eftirfarandi:

1. Framkvæma skoðun á umræddum girðingamótum og gera ályktun um það, hvort nothæf séu og hverjir gallar séu á smíðinni.

2. Meta til verðs þann hluta mótanna, er nothæfur verði talinn.

Hinn 14. október s. á. voru dómkvaddir þeir Einar B. Kristjánsson húsasmíðameistari og Einar Pálsson forstjóri til að framkvæma mat þetta. Í matsgerð þeirra, sem dagsett er 20. desember s. á., segir m. a. á þessa leið:

„Mótin eru smíðuð úr svörtu plötujárni, og meirihlutinn af þeim er sandblásinn eða 26.65 l.m., en 7 l.m. ósandblásinn.

Við skoðun kom í ljós, að smíði mótanna var mjög ábótavant, því að meirihluti þeirra er meira og minna boginn og aðrir smærrir gallar, svo sem smá dældir og hólur.

Samkvæmt matsbeiðninni í 2. lið er óskað eftir að meta til verðs þann hluta mótanna, sem nothæfur verður talinn. Eftir nána athugun telja matsmenn aðeins 7 l. m. nothæfa, og eru það þau mót, sem ekki hafa verið sandblásin.

Verð þessara móta telja matsmenn hæfilega metið á kr. 1.778.00“.

Stefnandi kveðst hafa greitt kr. 8.548.54 fyrir smíði mótanna. Vegna sandblásturs á hluta þeirra kr. 1112.40, fyrir dómkvaðningu matsmanna kr. 253.50 og loks fyrir matið sjálft kr. 1.600.00. Hefur hann lagt fram reikninga fyrir öllum þessum liðum, sbr. dskj. nr. 3—6 incl. Samtals nema reikningar þessir kr. 11.514.44. Frá þeirri fjárhæð dregur stefnandi matsverð hinna nothæfu móta, kr. 1.778.00. Eftir standa þá kr. 9.736.44.

Í stefnu er hins vegar krafizt greiðslu á kr. 14.736.44, og er fjárhæð þessi skýrð þar þannig:

„Skuld þessi er vegna galla, sem voru á girðingarmótum, sem stefndi smíðaði fyrir stefnanda.“

Í greinargerð stefnanda, er lögð var fram við þingfestingu málsins 9. febrúar 1961, eru gerðar sömu dómkröfur og í stefnu. Síðan eru talin upp þau 8 réttarskjöl, er stefnandi lagði fram, en að þeirri upptalningu lokinni segir svo: „Um málsútlitun vísast að sinni til stefnu. Ég geymi mér rétt til frekari gagnaöflunar og málsútlitunar síðar, þ. á m. við væntanlegan munnlegan flutning málsins“.

Stefndu byggja frávísunarkröfu sína á því, að stefnufjárhæðin, kr. 14.736.44, sé hvorki sundurliðuð né rökstudd í málsgögnum stefnanda. Að vísu séu lagðir fram reikningar á dskj. nr. 3—6 incl., sem nemi samtals kr. 11.514.44, en samkvæmt innheimtu-bréfinu á dskj. nr. 8 eigi að draga matsfjárhæðina, kr. 1.778.00, frá þeirri upphæð, og sé því engin grein gerð fyrir kr. 5.000.00 af stefnufjárhæðinni. Þar eð stefnukrafan sé jafn óskýr og raun ber vitni, gera stefndu þá kröfu, að málinu verði vísað frá dómi með skírskotun til 105. gr. laga nr. 85/1936.

Stefnandi hefur krafizt þess, að frávísunarkröfu stefndu verði hrundið gegn því, að hann lækki stefnukröfu sína um kr. 5.000.00.

Stefndu hafa mótmælt lækkun stefnukröfunnar sem of seint fram kominni.

Málatilbúnaði stefnanda var að vísu ábótavant í upphafi og rökstuðningur fyrir stefnukröfu hans ónógur, en þar eð hann hefur lækkað hana um kr. 5.000.00 við munnlegan flutning málsins, þykir nú nægileg grein gerð fyrir kröfu stefnanda, og verður frávísunarkröfu stefndu því hrundið.

Ákvörðun um málskostnað verður tekin við væntanlegan efnisdóm í máli þessu.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi borgardómara, kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Hinn fram komna frávísunarkrafa verður ekki tekin til greina.